# Aðalskipulag Árborgar 2020-2036

## Selfosslína 1 - breyting í Hellisskógi




GILDANDI AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR - DREIFBÝLI




BREYTTUR AÐALSKIPULAGSUPPDRÁTTUR - DREIFBÝLI

Skýringar

- Sveitarfélagamörk
- Iðnaðarsvæði
- Skógræktar- og landgræðslusvæði
- Vötn, ár og sjór
- Íþróttasvæði
- Óbyggð svæði
- Vegir, götur og stígar
- Hús
- Þéttbýlismörk
- Stofnvegur eða stofnbraut
- Tengivegur eða tengibraut
- Aðrir vegir og götur
- Göngu- og/eða hjólreiðaleið
- Reiðleið
- Hjólreiðaleið
- Göng
- Veitur, fráveita
- Veitur, hitaveita
- Veitur, ljósleiðari
- Veitur, neysluvatn
- Veitur, rafmagn, loftlína
- Veitur, rafstrengur í jörð
- Iðnaðarsvæði
- Samfélagsþjónusta
- Vatnsból
- Hverfisvernd
- Minjavernd
- Vatnsvernd grannsvæði
- Vatnsvernd fjarsvæði
- Náttúruvá
- Á, lækur
- Stöðuvatn, tjörn
- Skurðir
- Á, lækur
- Vegir utan skipulagssvæðis
- onnurakv_linur
- Svæði sem breytingin nær til

Inngangur

Gerð er breyting á Aðalskipulagi Árborgar 2020-2036, bæði á greinargerð og uppdrætti. Jarðstrengur fyrir Selfosslínu 1 í Hellisskógi er færður til vesturs auk smávægilegrar tilfærslu við sv.félagamörk Flóahrepps. Breytingin er norðan þéttbýlismarka Árborgar. Í gildandi skipulagi er lega hans skilgreind nærri bakka Ölfusár. Í breyttu skipulagi er skilgreind strengleið færð ofar í landið, í vesturmörk skilgreinds skógræktarsvæðis, Hellislands (L162991)og skógrækt þar er skemmra á veg komin. Strengur verður tengdur við mastur 99, loftlínu sem liggur til norðurs að Íra- og Ljósafossvirkjunum.

Aðalskipulag

Stefna aðalskipulags fyrir rafveitu er að sem flestar raflínur verði settar í jörð. Einnig kemur fram að háspennulínur og háspennustrengir eru á vegum Landsnets og skal haft samráð við fyrirtækið varðandi framkvæmdir innan helgunarsvæða

Breyting skipulags

Gerð er breyting á dreifbýlisuppdrætti og kafla 6.4 Rafveita í greinargerð. Á uppdrætti er breytt lega strengs sýnd. Lega breytist lítillega við sv.félagamörk Flóahrepps en meginbreyting er norðan ár, þar sem strengleið færist norðar og lengist lítillega.

Texti fyrir Selfosslínu 1 í gildandi skipulagi:

| HEITI | STEFNA |
|---|---|
| Selfosslína 1 | Liggur milli tengivirkis á Selfossi og Ljósafossstöðvar. Heimilt er að setja línuna í jörð frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum vestan við mastur nr. 99. Núverandi háspennulína verður tekin niður og öll ummerki fjarlægð. Strengurinn kemur til með að liggja um nýja brú á Ölfusá. Stærð strengs getur verið allt að 132 kV. Við nákvæma útfærslu og hönnun á staðsetningu strengs er heimilt að hnika honum lítillega til. Vanda skal frágang að loknum framkvæmdum og eftir atvikum nýta gróðurtorfur til þess. Helgunarsvæði jarðstrengs er alls 10 m. *Heildarlengd strengs frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum við Ölfus er um 3 km, þar af eru um 1,8 km í Árborg.* |

Texti fyrir Selfosslínu 1 í breyttu skipulagi:

| HEITI | STEFNA |
|---|---|
| Selfosslína 1 | Liggur milli tengivirkis á Selfossi og Ljósafossstöðvar. Heimilt er að setja línuna í jörð frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum vestan við mastur nr. 99. Núverandi háspennulína verður tekin niður og öll ummerki fjarlægð. Strengurinn kemur til með að liggja um nýja brú á Ölfusá. Stærð strengs getur verið allt að 132 kV og helgunarsvæði hans er 10m. Við nákvæma útfærslu og hönnun á staðsetningu strengs er heimilt að hnika honum lítillega til. Vanda skal frágang að loknum framkvæmdum og eftir atvikum nýta gróðurtorfur til þess. Heildarlengd strengs frá tengivirki á Selfossi að sveitarfélagsmörkum við Ölfus er um 3,2 km, þar af eru um 2 km innan Árborg. |

Umhverfisáhrif

Áhrif af breyttri legu jarðstrengs eru metin óveruleg/jákvæð. Gert var ráð fyrir jarðstreng í aðalskipulagi en færsla hans eykur mögulega rekstraröryggi m.t.t. flóða í Ölfusá og lagning strengs hefur minni áhrif á skógi vaxið land en ávallt verður rask á landi á framkvæmdatíma, sama hvar hann er lagður. Áhrif á aðra umhverfisþætti eru metin óveruleg, land er þegar raskað vegna landbúnaðar og skógræktar, strengleið fylgir að miklu leyti vegum/stígum og við lok framkvæmdar verður gengið frá yfirborði sem líkast því sem nú er.

0 1 2 4 km N

Sveitarfélagið ÁRBORG

Aðalskipulagsbreyting þessi hefur hlotið málsmeðferð skv. 2. mgr. 36 gr. skipulagslaga nr. 123/2010, með síðari breytingum. Aðalskipulagsbreytingin var samþykkt af bæjarstjórn Sveitarfélagsins Árborgar ____________

F.h. Sveitarfélagsins Árborgar

______________________________

Aðalskipulagsbreytingin var staðfest af HMS_________

______________________________

Skipulagsgögn:
Uppdráttur þessi með greinargerð.

EFLA

Aðalskipulag Árborgar 2020-2036
Dreifbýlisuppdráttur
Selfosslína 1 - breyting í Hellisskógi

| Verk: | Blaðstærð: | Unnið: | Rýnt: |
|---|---|---|---|
| 115166 | A3 | IS/AB | GAL/ÁJ |

| Mælikvarði: | Dags: | Breytt dags: |
|---|---|---|
| 1:50.000 | 24.06.2026 | |